

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *62. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 28. nóv. 2013, kl 10:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2014.
3. Fjárhagsáætlun 2014, síðari umræða.
4. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017, fyrri umræða.
5. Tillaga að verndar og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall (Hverfell).
6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 19. nóv.
7. Menningarstefna Skútustaðahrepps.
8. Fundargerð Aðalfundar leigufélags Hvamms dags. 18. sept.
9. Trúnaðarmál.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðisnefndar N.e dags. 6. nóv.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 13. nóv.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

## 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli nr. 9 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

## 2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2014.

Á fundi sveitarstjórnar 10. okt. s.l. var farið yfir og minnisblað um helstu forsendur við fjárhagsáætlunargerð 2014, það láðiðist hins vegar að bóka minnisblaðið í fundargerðina.

26. nóv. s.l. berst tölvupóstur frá Innanríkisráðuneyti þar sem athygli sveitarfélagana er vakin á því að á Alþingi sé í undirbúningi breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingin felur það í sér að leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 hækkar um 0,04%, úr 14,48% í 14,52%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða. Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í innheimtum útsvarstekjum sveitarfélaga á árinu 2014 vegna málefna fatlaðra hækki jafnhliða í 0,99% úr 0,95%. Framangreind hækkun hámarksútsvar rennur því óskipt til Jöfnunarsjóðs. Sérstök athygli er vaki á því að ef af breytingunni verður og sveitarstjórn kýs að hækka ekki útsvarið um 0,04% munu útsvarstekjur þess samt sem áður skerðast sem nemur fyrrgreindir hækkun á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í innheimtum útsvarstekjum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir hækkun á álagningarhlutfalli útsvars ársins 2014 í 14,52% með fyrirvara um að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi minnisblað sem inniheldur helstu forsendur fjárhagsáætlanagerðar ársins 2014, með þeirri breytingu sem að ofan greinir.

*Minnisblað.*

*Fjárhagsáætlun 2014.*

*Helstu forsendur*

- 1) *Útsvar verði 14,48%.*
- 2) *Reiknað er með 5% hækkun rekstrargjalda.*
- 3) *Reiknað er með 6% hækkun launakostnaðar.*
- 4) *Gert er ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins hækki um 5%.*
- 5) *Áfram verður haldið við endurnýjun á lögnum veitnanna.*
- 6) *Fasteignaskatts gjaldstofnar eru þegar fullnýtir og með 25% álagi eins og heimilt er skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði A-skattur er 0,625%, af fasteignamati. Fasteignaskattur af opinberum byggingum B-skattur er 1,32% af fasteignamati. Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði og annars húsnæðis sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, C-skattur er 1,65% af fasteignamati.*
- 7) *Almennt verða gjaldskrár hækkaðar um 5% nema gjaldskrá fyrir sorp. Alger óvissa ríkir um gjaldskrá fyrir sorpið þar sem þau mál eru í endurskoðun. Sem fyrr þarf að fylgjast vel með rekstrinum. Fram til þessa hefur sveitarfélagið ekki þurft á lántökum að halda en gera þarf ráð fyrir að hjá því verði ekki komist mikið lengur. Ekki verður gengið mikið lengra í aðhaldi í rekstrinum nema hreinlega að hætta að veita einhverja þjónustu. Áfram verður haldið með nauðsynleg viðhaldsverkefni*

*Fjárfestingaáætlun,*

*Endurnýjun tölvusalar kr. 500 þús.*

*Endurnýjun hitaveitu kr. 30. millj.*

Eignarsjóður óskilgr. kr. 2. millj.

Áætlun lántaka vegna hitaveitu /ljósleiðra kr. 30. millj.

### 3. Fjárhagsáætlun 2014, síðari umræða.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar við fjárhagsáætlunina við síðari umræðu.

		deb	kre
05	Menningarmál	700.000	
10	Umferðar- og samgöngumál	3.000.000	2.000.000
21	Sameiginlegur kostnaður		200.000
31	Eignasjóður	650.000	
		4.350.000	2.200.000

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarsjóðs (samstæðunnar) verði 362,6 millj. og gjöldin 355,5. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er áætlaður tekjuafgangur 4,1 millj. Fjárfestingaráætlun fyrir 2014 gerir ráð fyrir 36 millj. Samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlunar eru 27,5 millj. handbærar frá rekstri á árinu 2013. Oddviti gerði að tillögu sinni að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.

### 4. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2015-2017, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlunin rædd og vísað til síðari umræðu.

### 5. Tillaga að verndar og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall (Hverfell).

Afgreiðslu á tillögunni var frestað á síðasta fundi þar sem fulltrúi Skútustaðahrepps í vinnuhópi um verndaráætlunina, Eyrún Björnsdóttir var forfölluð.

Farið yfir tillöguna og hún rædd, engar veigamiklar athugasemdir gerðar, einungis smávægilegar orðalagsbreytingar sem sveitarstjóra er falið að koma á framfæri við Umhverfisstofnun.

Þá vill sveitarstjórn beina því til viðkomandi að annað hvort verði örnefnið Hverfjall eða Hverfell notað í texta um þekktan sprengigíg í Skútustaðahreppi þar sem hálf hjákátlegt sé að lesa texta með báðum nöfnunum, enda lýtur sveitarstjórn svo á úrskurður Menntamálaráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru á úrskurði örnefndanefndar um hvort nafnið gígurinn bæri lúti einungis að því hvernig örnefnið er ritað á landakort Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sbr. eftirfarandi úrskurðarorð:

*„Úrskurður örnefnanefndar, dags. 12. maí 1999, um að setja skuli örnefnið Hverfjall á ný á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra er staðfestur, en við úrskurðarorðið bætist að jafnframt skuli setja innan sviga örnefnið Hverfell ásamt með örnefni Hverfjall.“*

### 6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 19. nóv.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að nefndin leggi tillögu að Menningarstefnu Skútustaðahrepps fyrir sveitarstjórn. Í þriðja lið er farið yfir nýjar reglur um úthlutun styrkja til lista- og menningarstarfs, en gert er ráð fyrir að þeir verði auglýstir tvisvar á ári, umsóknarfrestur og úthlutun verða auglýst sérstaklega. Sveitarstjórn samþykkir fundargerð Félags- og menningarmálanefndar.

**7. Menningarstefna Skútustaðahrepps.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að Menningarstefnu Skútustaðahrepps. Stefnan er unnin af Félags- og menningarmálanefnd í samvinnu við menningarfulltrúa Eyþings. Sveitarstjórn samþykkir framkomna tillögu.

**8. Fundargerð Aðalfundar leigufélags Hvamms dags. 18. sept.**

Í fundargerðinni kemur fram að stjórn félagsins leggi til að hlutafé þess verði hækkað að um kr. 10 millj. Á genginu 1 og að hlutafjárukningin skiptist hlutfallslega í samræmi við eignarhald sveitarfélagana, hlutur Skútustaðahrepps er 6,63%. Tillagan er lögð fram vegna viðvarandi hallareksturs félagsins. Sveitarstjórn samþykkir hlutafjárukninguna.

**9. Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert.  
Fund slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Birgir Steingrímsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.